

Dags eftirlits	9.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	383366,97 374634,363

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og engin ábending sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., að Nesbraut 2, Þorlákshöfn. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 283 m³ af olíu og heimilt er að taka á móti allt að 5 tonnum af úrgangsolíu á ári. Ekki er heimilt að geyma bensín í stöðinni og er hún eingöngu tengd olíuflutningum með bifreiðum.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Kynning á viðhengjum fundarboðs
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í síðasta eftirliti árið 2019 og engri ábendingu var komið á framfæri til rekstraraðila.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Um litla stöð er að ræða. Tveir standandi stálgeymar eru í stöðinni, annars vegar fyrir litaða gasolíu og hins vegar fyrir flotaolíu og standa þeir í jarðvegsþró. Lituð díselolía er afgreidd frá geymi í eigu N1, sem staðsettur er neðanjarðar, innan lóðar birgðastöðvarinnar. Dælt er í geyminn í gegnum dælistöð Olíudreifingar en að öðru leiti er afgreiðslustöðin óháð birgðastöðinni. Starfsleyfi fyrir afgreiðslustöðinni er hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Áfyllingaplanið er olíuhelt og tengt olíuskilju. Báðir geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2020 og hefur áframhaldandi notkun þeirra verið heimiluð. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2018 og er næsta prófun þeim á næsta ári, eða á 5 ára fresti.

Ein olíuskilja er í stöðinni og var hún síðast hreinsuð þann 4. janúar 2021. Sjálfvirkt viðvörunarkerfi er í olíuskilju. Gerð var tilraun til að mæla olíu í frárennsli er eftirlitið fór fram en vegna stíflu í holræsakerfi á vegum bæjarins var ákveðið að bíða með sýnatöku þar til búið væri að laga rennslið. Rekstraraðili hefur samband við viðeigandi aðila og óskar eftir hreinsun. Mæling verður gerð á næstu vikum og verða niðurstöður hennar sendar eftirlitsaðila. Gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni á að lágmarki þriggja ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi.

Öllum úrgangi þ.m.t. olíublautum úrgangi, er skilað til söfnunarstöðvar úrgangs í Þorlákshöfn Öryggisblöð efna voru aðgengileg í rekstrarhandbók.

Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina og eru engar ábendingar settar fram þar um. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingarskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og þró utan um geyma skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta en þó er kominn tími á að mála geyma þar sem ryð er orðið töluvert áberandi, girðingar eru í lagi og vel við haldið.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram við eftirlitið.

ANNAÐ


Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 24.11.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir